Ársskýrsla 2011

Heimasíða www.heilbrigdiseftirlitid.is
Austurvegi 65 – 800 Selfoss,
Strandvegi 50 – 900 Vestmannaeyjum,
Sími 480-8220/480-8250/481-2622
Netfang hs@sudurland.is

Efnisyfirlit:

1. Inngangur ... 3
2. Hlutverk og uppbygging ... 4
3. Starfsemi ... 7
4. Sýnataka og niðurstöður ... 14
5. Hollustuhættir ... 17
6. Matvæli ... 20
7. Umhverfis- og mengunarvarnir ... 22
8. Fjármál og rekstur ... 25
9. Lokaorð ... 27

Töflur

Tafla 1 – Fjöldi eftirlitsskyldra aðila hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands ... 7
Tafla 2 – Lokin og ný mál ... 8
Tafla 3 – Skipting helstu málaflokka ... 8
Tafla 4 – Samanburður niðurstaðna milli ára ... 14
Tafla 5 – Niðurstöður sýna eftir flokkun ... 14
Tafla 6 – Niðurstöður milli ára ... 15
Tafla 7 – Heildarniðurstöður 2011 ... 16
Tafla 8 – Niðurstöður baðvatns ... 15
Tafla 9 – Niðurstöður neysluvatnssýna ... 16
Tafla 10 – Niðurstöður íssýna úr vél ... 16
Tafla 11 – Niðurstöður matvælasýna ... 16
Tafla 12 – Ársmeðaltal brennisteinsvetnis á mismunandi stöðum ... 23
Tafla 13- Velta milli ára ... 25
Tafla 14- Kökurit með kostnaðarliðum ... 26

Myndir

Mynd 1 – Framtíðarsýn Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ... 3
Mynd 2 – Tengsl heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga ... 5
Mynd 3 – Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ... 6
Mynd 4 – Aska í laug eftir gosið í Grímsvötnunum. ... 9
Mynd 5 – Bak við tjöldin í verslun ... 10
Mynd 6 – Áhrif ösku á daglegt starf ... 11
Mynd 7 – Skipting landsins eftir vatnasvæðum ... 12
Mynd 8 – Dæmi um merkingar á sundsstað ... 18
Mynd 9 – Vel merkt útileiksvæði ... 19
Mynd 10 – Dæmi um ónýtt leiktæki.. ... 19
Mynd 11 - Eldhús starfmannabúða í Dómadal vegna kvikmyndatöku ... 20
Mynd 12 – Nýjungar í tómatarækt ... 21
Mynd 13 – Rangárbotnar ... 21
Mynd 14 – Hreinsun á gufuaflsholu. ... 22
Mynd 15 – Léleg flokkun á sorpi, brotajárn í brennsluofni ... 23
Mynd 16 – Mengun í Ytri Rangá ... 24

1. Inngangur

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2011. Spannar hún tímabilið frá 1. janúar 2011 til áramóta.

Eins og í fyrri ársskýrslum er í einstaka köflum skýrslunnar farið nánar í verkefnin, sýnatökum gerð skil og tölfræðilegar upplýsingar settar fram.

Í 2. kafla er hlutverki og uppbyggingu heilbrigðiseftirlits á Íslandi lýst auk upplýsinga um Heilbrigðisnefnd Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

3. kafli tekur á tölfræðilegum upplýsingum, eins og fjölda eftirlitsskyldra aðila, mála og þróun. Jafnframt er farið yfir einstök mál á árinu og samstarf út á við.

Í 4. kaflanum er að finna tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöður mælinga og sýnatökur.

Í 5., 6. og 7. kafla er svo farið sérstaklega yfir helstu málaflokka HES, þ.e. hollustuhátta-, matvæla- og umhverfis og mengunarvarnamálefni.

Í 8. kafla er stuttlega farið yfir fjármál og rekstur en ársreikningar og fjárhagsáætlanir fylgja alltaf með í aðalfundargögnum.

Markmið skýrslunnar er að gera öllum, sem vilja átta sig á uppbyggingu, umfangi og starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, kleift að nálgast helstu upplýsingarnar á einum stað, þ.e. í árskýrslunni.

Eftirfarandi skammstafanir koma fram í skýrslunni:

HES .....Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
MAST.....Matvælastofnun
SHÍ.....Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
UST.....Umhverfisstofnun

Framtíðarsýn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ætlar að vera leiðandi á sviði heilbrigðiseftirlits og stuðla að bættum lífsgæðum með fræðslu og þekkingarmiðlun til Sunnlendinga og annarra sem njóta náttúru, þjónustu og afurða svæðisins.

Mynd 1 – Framtíðarsýn Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

2. Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélaga er að starfrækja heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og skiptist landið í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megintilgangur þeirra að vera málsvari og samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Uppbygging heilbrigðisnefnda er bundin í ofangreind lög og skal skipað í hana eftir sveitarstjórnarkosningar hverju sinni og skal hún starfa út kjörtímabilið. Í hverri nefnd eiga sæti 5 fulltrúar auk fulltrúa atvinnurekenda. Yfirlæknir heilsugæslu, skipaður af Landlækni viðkomandi svæðis starfar einnig með nefndinni. Yfirstjórn eftirlitsins er í höndum heilbrigðisnefndar en heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði nefndarinnar.

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2010 var kosið í nýja heilbrigðisnefnd fyrir kjörtímabilið 2010-2014 og er hún skipuð eftirfarandi aðilum:

Gunnar Þorkelsson, form	880 Kirkjubæjarklaustur
varam. Eydís Indriðadóttir	851 Hella
Svanborg Egilsdóttir	800 Selfoss
varam. Ólafur Hafsteinn Jónsson	800 Selfoss
Páll Stefánsson	801 Selfoss
varam. Elínborg Ólafsdóttir	810 Hveragerði
Unnsteinn Eggertsson	845 Flúðir
varam. Jóhannes Sveinbjörnsson	801 Selfoss
Valur Bogason	900 Vestmannaeyjar
varam. Sigurhanna Friðþórsdóttir	900 Vestmanneyjum
Fulltrúi atvinnulífsins:	
Guðmundur Geir Gunnarsson	800 Selfoss
varam. Oddur Árnason	861 Hvolsvöllur
Fulltrúi Landlæknis:	
Pétur Skarphéðinsson	Laugarási, 801 Selfoss

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundar á 4-8 vikna fresti, eftir þörf og fyrirliggjandi málum hverju sinni. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt á árinu 2011 eftirtalda fundi:

Fundur nr.	**dags.**
131	14. janúar 2011
132	4. mars 2011
133	29. apríl 2011
134	1. júní 2011
135	9. september 2011
136	27. október 2011
137	9. desember 2011

Ekki hafa verið breytingar á starfsmannahaldi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá árinu 2005 og er meðalstarfsaldur starfsmanna rúmlega 12 ár. Með slíkri starfsreynslu er óhætt að fullyrða að mannauður HES skili eftirlitinu miklu í reynslu og þekkingu. Fimm stöðugildi hafa verið hjá HES sl. 5 ár og árið 2011voru starfsmenn eftirfarandi:

Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri,
Birgir Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi, umhverfis- og mengunarvarnasvið,
Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, matvælasvið,
Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Vm.,
María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi, hollustuháttasvið,
Halldór Pétur Þorsteinsson, heilbrigðisfulltrúi, tímabundið, ½ stöðugildi.

Á árinu minnkaði Birgir Þórðarson starfshlutfall sitt í 50%. Var Halldór tímabundinn ráðinn í 50% starfshlutfall á móti Birgi en hann var áður í fullu afleysingastarfi hjá HES v/fæðingarorlofs. Ekki var gert ráð fyrir starfkrafti sumarafleysingar fyrir árið 2011 en þegar tók að gjósa í Grímsvötnum brást Heilbrigðiseftirlitið við aukinni vinnuframlagsþörf með því að ráða Sverri Ingjaldsson í verktakavinnu en hann hafði starfað við sumarafleysingar hjá HES árinu áður.

Myndin hér til hliðar sýnir tengsl ofangreindra aðila varðandi heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlitið er þó alfarið á ábyrgð

Mynd 2 – Tengsl heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

sveitarfélaga, bæði rekstrar- og stjórnsýslulega.
Aðkoma ríkisins gegnum tvö ráðuneyti og tvær ríkisstofnanir er sýnd með punktalínu þar sem ekki er um eiginlega valdboðun heldur stjórnun í gegnum laga- og reglugerðarsetningu og samræmingarhlutverks um framkvæmd eftirlits á landsvísu.

Eftirfarandi er samantekt yfir helstu verkefni Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsagnir v/skipulagsmála, veitinga- og gistileyfa sýslumanna, umhverfismats ofl.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun
- Fræðsla og þjónusta til starfsleyfisskyldra aðila og almennings
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga

Umsagnir af ýmsu tagi er einnig drjúgur hluti daglegra starfa og getur vinna við gerð einstakra umsagna, sérstaklega er varðar umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, verið mikill.
Aðalmarkmið HES ár hvert er þó fyrst og fremst að sinna því reglubundna eftirliti sem fyrir liggur á árinu.

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Að fylgja gildandi lögum um hollustuhætti, matvæli, mengunarvarnir og umhverfismál sem varða starfsemina, sem og reglugerðir settar samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðiseftirliti er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Að sjá til þess með reglubundnu eftirliti að eftirlitsskyldir aðilar uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra. Einnig að hafa eftirlit með umhverfi og öðrum þeim þáttum sem ekki eru eftirlitsskyldir en falla undir lög og reglugerðir sem heilbrigðiseftirliti er ætlað að framfylgja.

Mynd 3 – Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

3. Starfsemi

Fjöldi eftirlitsskyldra aðila og mála

Eins og að framan greinir er helsta verkefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að sinna reglubundnu eftirliti með fyrirtækjum, stofnunum og öðrum aðilum sem eru eftirlitsskyldir. Markmiðið er að komast yfir allt það eftirlit sem sinna ber á árinu. Fjöldi slíkra heimsókna getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verð á milli 0,25 og upp í 6, þ.e. sum fyrirtæki fá heimsókn fjórða hvert ár meðan önnur fyrirtæki þurfa sex eftirlitferðir á ári.

Í eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er einnig að finna fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna á árinu. Þannig liggur fyrir í upphafi hvers ár skilgreint meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk.

Áhersla í starfinu, eins og undanfarin ár, hefur verið að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt. Verkefnastaðan hefur verið þung í nokkurn tíma og hafa þar náttúruhamfarir og ófyrirséð verkefni í kjölfar þeirra, haft sitt að segja.

Í lok desember 2011 voru 1217 eftirlitsskyldir aðilar með gilt starfsleyfi. Sjá má þróun yfir fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu milli sviða í neðangreindri töflu.

Tafla 1 – Fjöldi eftirlitsskyldra aðila hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hollustuháttasvið	429	428	431	449	495	524	531
Matvælasvið	308	323	353	366	369	389	392
Umhverfis- og mengunarsvið	278	280	291	305	295	278	294

Málafjöldi nýrra mála hjá Heilbrigðiseftirlitinu var 724 í árið 2011, af þeim var úrvinnslu lokið í 479 málum.

Tafla 2 – Lokin og ný mál

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu mála í helstu málaflokka en stærstu málaflokkarnir eru umsagnir og umsóknir, líkt og undanfarin ár.

Tafla 3 – Skipting helstu málaflokka

–	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Ýmis mál	9	19	16	13	13	24	12	34	12	12	19	11	**194**
Afgreiðslumál	3	8	7	1	5	4	6	0	6	3	2	6	**51**
Ábending	0	2	2	1	0	0	0	2	0	1	0	0	**8**
Eftirlit	1	2	1	1	0	5	0	3	1	4	4	2	**24**
Forgangsmál	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	1	0	**3**
Kvartanir	3	0	1	0	1	3	1	0	2	0	0	0	**11**
Ótímabundið mál	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	**1**
Stefnumörkun	1	1	1	1	1	0	0	0	1	1	0	1	**8**
Umsagnir	32	10	11	14	13	48	18	8	13	13	15	13	**208**
Umsóknir	17	21	26	23	21	28	17	17	17	10	18	6	**221**
Samtals	**66**	**63**	**67**	**54**	**54**	**112**	**54**	**64**	**52**	**45**	**59**	**39**	**729**

Einstök mál

Eldgos í Grímsvötnum

Af helstu viðburðum/verkefnum á árinu 2011 ber fyrst að nefna eldgosið í Grímsvötnum sem hófst 21. maí og stóð til mánaðarmóta. Verkefni Heilbrigðiseftirlitsins voru nú, eins og í fyrra gosi, að fylgjast með svifryki og neysluvatni. Á vegum Umhverfisstofnunar var settur upp svifryksmælir í Fljóthverfið og var annar staðsettur undir Eyjafjöllum. Fóru mælingar á svifryki (<10 µg) í Fljótshverfi yfir 1000 µg/m^3 þegar hæst mældist og undir Eyjafjöllum allt að 600 µg/m^3, eftir goslok. Veðurfarslegir þættir skipta höfuðmáli um loftgæði, þ.e. hvort lítið eða mikið svifryk af völdum öskufalls, er í lofti eða ekki.

Mynd 4 – Aska í laug eftir gosið í Grímsvötnunum.

Fylgst var jafnframt með neysluvatni á svæðinu. Einfaldar mælingar á leiðni og sýrustigi hafa reynst best, bæði hversu fljótlegar og ódýrar mælingarnar eru en ekki síst vegna þess að breytingar á þessum tveimur þáttum segja mest til um ástand vatnsins m.t.t. eldgosaáhrifa. Lækkun á sýrustigi á einum bæ í Skaftárhreppi, fyrir eldgos, varð til þess að HES velti fyrir sér mögulegum jarðhræringu/eldgosi á svæðinu. Það var það sama og gerðist fyrir eldgosið í Eyjafjallajökli ári fyrr.

Ef rétt reynist má jafnvel halda því fram að vöktun á neysluvatni geti verið frekari hjálp í að fá fyrirfram upplýsingar frá náttúrunni um yfirvofandi náttúruhamfarir.

Noroveira?

Í september veiktust 26 börn af 46 í skóla á svæðinu og í kjölfar upplýsinga frá heilsugæslulækni var málið skoðað. Kom þá í ljós að á svæðinu höfðu fleiri veikst með uppköst, niðurgang og kviðverki. Þrátt fyrir sýnatökur og leit fannst ekki orsök veikindanna en það var mat HES að möguleg uppspretta veikindanna gæti verið Noroveira sem smitar út frá sér við inntöku vatns/fæðu en jafnframt smitast auðveldlega milli manna. Noroveiran er algengasta orsök fæðuborinna sýkinga í dag.

Öryggi á sundstöðum

Öryggi á sundstöðum verður aldrei fulltryggt. Hæfnispróf starfsmanna, skyndihjálparbúnaður og stöðug laugargæsla eru mikilvæg tæki til að tryggja öryggi sundlaugargesta. Þrátt fyrir það verða slys og varð eitt banaslys í sundlaug á svæðinu. Engin rekstraraðili sundstaða vill lenda í slíku enda verður öryggi á sundstöðum ætíð að vera í forgangi.

Díoxín

Díoxínumræða var áberandi á árinu, í ljósi mælinga á útblæstri sorpbrennslustöðva. Þó nokkur tími fór jafnframt í vöktun loftgæðamælinga, sérstaklega vegna brennisteinsvetnis. Báðir þessi þættir eru hluti af umhverfis- og mengunarvarnasviði og er nánari umfjöllun að finna í kafla 7.

Samstarf

Samstarfsstofnanir HES út á við eru fyrst og fremst önnur heilbrigðiseftirlitssvæði, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og embætti skipulags- og byggingarfulltrúa á svæðinu.

Matvælastofnun

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur átt gott samstarf við Matvælastofnun og á fulltrúa í matvælahópi sem er samstarfshópur milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um allt land. Á þeim vettvangi eru tekin til umræðu mál sem snerta matvælaeftirlit í landinu. Í tengslum við matvælahópinn eru síðan myndaðir minni vinnuhópar sem vinna hin einstöku mál, eins og til dæmis undirbúning fræðsluefnis fyrir innra eftirlit og útgáfu þess. Matvælahópur undirbýr einnig eftirlitsverkefnin sem tekin eru fyrir á landsvísu sem voru þrjú, eins og áður greinir og eru hér tengingar á skýrslur varðandi verkefni og er að finna á vef Matvælastofnunar:

Mynd 5 – Bak við tjöldin í verslun

1. Meðhöndlun einnota og margnota umbúða í matvælafyrirtækjum, janúar 2012
2. Innihaldslýsingar matvæla og uppskriftir þeirra, janúar 2012

Þriðja verkefninu var frestað, en það var: *Næringar- og heilsufarsfullyrðingar á markaðssetningu matvæla*. Frestun á verkefninu var óhjákvæmileg vegna frestunar á gildistöku reglugerðar um fullyrðingar.

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var virkur þátttakandi í samstarfshóp á hollustuháttasviði við Umhverfisstofnun og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði árið 2011. Sem fyrr var framkvæmt árlegt eftirlitsverkefni á landsvísu, verkefnin voru tvö starfsárið 2010-2011. Úttekt á innra eftirlit á leiksvæðum grunn- og leikskóla. Ekki var lagt mat á leiksvæðin í verkefninu heldur var áherslan lögð á að kanna hvort og hvernig innra eftirlit væri til staðar.

Innra eftirliti hjá sveitarfélögunum fyrir leiksvæði eiga að vera þrískipt:

- *Reglubundin yfirlitsskoðun* sem er skoðun sem ætlað er að greina augljósa hættu sem meðal annars má rekja til skemmda, notkunar eða veðurs. Eftirlit sem á að framkvæma daglega á mikið notuðum leiksvæðum, s.s. hjá skólum og leikskólum.
- *Rekstrarskoðun* er skoðun sem er ítarlegri en reglubundin yfirlitsskoðun og lýtur að virkni og stöðugleika leikvallatækisins og öryggi leiksvæðisins. Eftirlit skal framkvæma á þriggja til fjögra mánaða fresti eftir umfangi – en auka skal tíðni ef þörf er á.
- *Aðalskoðun* er skoðun með að hámarki 12 mánaða millibili sem ætlað er að staðfesta öryggi tækisins, undirstöðu þess og umhverfis. Skoðunin er framkvæmd af óháðum, aðila sem hefur leyfi til slíkra úttekta – aðkeypt vinna.

Auk ofangreinds fá leiksvæði einnig eftirlit frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Hitt eftirlitsverkefnið, var könnun á dauðhreinsibúnaði heilbrigðis- og þjónustufyrirtækja utan sjúkrahúsa, þar sem krafist er dauðhreinsaðra áhalda.

Niðurstöður verkefnanna liggja ekki fyrir vegna manneklu hjá Umhverfisstofnun sem hefur séð um skýrslugerð eftirlitsverkefna á sviði hollustuhátta.

Umhverfisgæðahópur er samstarfshópur heilbrigðisfulltrúa og sérfræðinga Umhverfisstofnunar sem hefur það að markmiði að samræma umhverfiseftirlit milli eftirlitssvæða. Eftirlitsverkefni ársins var athugun á efnanotkun og aðbúnaði bónstöðva. Niðurstöður eftirlitsverkefnisins liggja ekki fyrir líkt og hjá hollustuháttahópnum.

Umsagnir

Umsagnir vegna veitinga- og gistileyfa, sem sýslumenn gefa út eru verkefni matvæla- og hollustuháttasviðs. Hluti af því eru umsagnir vegna útihátíða af ýmsum toga auk tímabundinnar starfsemi s.s. þjónustu við kvikmyndatöku í óbyggðum sem hefur stóraukist.

Samstarf við skipulags og byggingafulltrúa er einnig töluvert en HES er umsagnaraðili á skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum og umhverfismat áætlana. Þessar umsagnir heyra undir umhverfs- og mengunarvarnasvið HES.

Mynd 6 – Áhrif ösku á daglegt starf

Stjórn vatnamála

Ný lög um stjórn vatnamála komu til framkvæmda á árinu 2011 (nr. 35/2011) með undirbúningi að gerð vatnaáætlunar 2011-2015. Er þar um að ræða annars vegar vöktunaráætlun, sem skal liggja fyrir um mitt ár 2014 og hins vegar aðgerðaráætlun sem á að taka gildi í lok árs 2015. Umhverfisstofnun sér um framkvæmd og samræmingu vinnunnar.

Mynd 7 – Skipting landsins eftir vatnasvæðum

Landinu er skipt upp í fjögur vatnasvæði eins og sést á meðfylgjandi skýringarmynd, en þar kemur einnig fram að svæði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nær inn á tvö svæði og er því aðili að tveimur vatnasvæðanefndum. Hvert og eitt sveitarfélag skipar fulltrúa í vatnasvæðanefndir sem er ætlað að veita upplýsingar um ástand vatnamála hver í sínu héraði. Álags meta þarf vatn og setja umhverfismarkmið auk áætlunar um aðgerðir, sé þess þörf. Þessi vinna mun nýtast við gerð svæðisskipulags og áætlana um nýtingu vatns.

Helstu álagsþættir og starfsemi sem einkum geta valdið álagi eða óæskilegum áhrifum á vatn eru:

- Vatnsveitur

- Fráveitur og losun frá byggð
- Frárennsli og losun frá landbúnaði, ýmis konar framleiðslu og annarri landnotkun.
- Vegagerð, flutningar og þverun fjarða, varnargarðar meðfram vegum.
- Vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir.

Þegar bráðabirgðayfirlit um ástand vatnshlota liggur fyrir verður það síðan nýtt til grundvallar vatnaáætlunar og aðgerðaráætlunar. Þetta eru stórar nefndir og mikið starf hefur þegar verið unnið í góðri samvinnu þeirra sem að málinu koma. Auk þess er fjöldi fagstofnana bæði ráðgefandi og með ákveðin verkefni, s.s. Náttúrufræðistofnun, Veiðimálastofnum, Hafrannsóknarstofnun og Veðurstofu Íslands. Til dæmis leggur Veðurstofan til miðlægt upplýsingakerfi um vatnshlot og verður þar aðgangur að kortakerfi þar sem m.a. er hægt að sjá staðsetningu allra neysluvatnsbóla sem upplýsingar eru um. Veðurstofan gegnir samræmingarhlutverki við öflun upplýsinga og framsetningu.

Enn er ólokið verkefni sem Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og sveitarfélög á Suðurlandi þurfa að vinna að, en það er flokkun vatna skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt henni skal allt yfirborðsvatn (fallvötn, stöðuvötn) og grunnvatn flokkað í ákveðna gæðaflokka og langtímamarkmið skilgreind. Þessi langtímamarkmið eiga síðan að koma fram á skipulagsuppdrætti aðals- og svæðisskipulags og við deiliskipulag skal gera skýringaruppdrátt, sem sýnir ástand vatns.

4. Sýnataka og niðurstöður

Árið 2011 voru 241 sýni tekin í eftirlitsferðum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem eru ívið færri sýnatökur en undanfarin ár, samanber töflu 4. Sýnatökur eru hluti af daglegum störfum heilbrigðisfulltrúa og eru langflestar framkvæmdar í reglubundnum eftirlitum. Þó kemur fyrir að fyrirtæki eða einstaklingar óski sérstaklega eftir þeim og verður embættið þá við þeirri ósk, á þeirra kostnað.

Tafla 4 – Samanburður niðurstaðna milli ára

Tafla 5 – Niðurstöður sýna eftir flokkun

Flokkur	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Samtals
Baðvatn	-	50	13	63
Neysluvatn	-	80	17	97
Frárennsli	41	-	-	41
Ís úr vél	-	15	6	21
Matvara	13	3	2	18
Vinnsluvatn	1	-	-	1
Samtals	55	148	38	**241**

Tafla nr. 5 sýnir hvernig niðurstöður koma út á milli mismunandi flokka. Athygli niðurstaðan í töflu nr. 6 þar sem prósentuhlutfall sýna með niðurstöðuna „ekki metið“ aldrei verið fleiri, sem útskýrist að mestu af fjölda frárennslissýna.

Taflan hér að neðan sýnir samanburð á heildarniðurstöðum milli ára í prósentum (%).

Tafla 6 – Niðurstöður milli ára í %

Ártal	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
2001	21,8	55,4	22,8
2003	15,8	39,6	44,6
2005	17,3	60,1	22,6
2006	2,5	74,1	23,5
2007	2,8	72,8	24,4
2008	7,8	75,9	16,3
2009	12,1	65,2	22,7
2010	5,9	75,0	19,1
2011	22,8	61,4	15,8

Kökuritin hér á eftir sýna hlutfallslega skiptingu niðurstaðna í mismunandi flokkum. Sjá má að heildarhlutfall sýna sem stenst sýnatöku er heldur lægra en undanfarin ár. Það má að mestu rekja til þess hversu hátt hlutfall sýna er með niðurstöðuna „ekki metið“. Niðurstöður baðvatnssýna og íss úr vél er heldur betra en árinu áður en hlutfall neysluvatnssýna sem að stóðust ekki þær gæðakröfur sem gerðar eru til neysluvatns eru hlutfallslega hærra í ár heldur en í fyrra.

Tafla 7 – Heildarniðurstöður 2011 í %

Tafla 8 – Niðurstöður baðvatns í %

Tafla 9 – Niðurstöður neysluvatnssýna í %

Tafla 10 – Niðurstöður íssýna úr vél í %

Tafla 11 – Niðurstöður matvælasýna í %

5. Hollustuhættir

Árið 2011 voru 531 fyrirtæki skráð á sviði hollustuhátta. Oftar en ekki skarast fyrirtæki á þau þrjú svið sem að heilbrigðiseftirlitið skipist í og eru fyrirtæki þá flokkuð eftir þeim flokki sem þykir einkenna starfsemina, t.d. „grunnskóli með fullbúnu eldhúsi“ er flokkaður á sviði hollustuhátta þó hann skarist líka inn á matvælasvið. Fyrirtæki á sviði hollustuhátta eru m.a. gististaðir, samkomuhús (veitingasalir, félagsheimili, kirkjur, kvikmyndasalir o.fl.), menntastofnanir, skipaskoðanir, heilbrigðis- og meðferðastofnandir, íþróttamannvirki, sundlaugar, snyrtistofur og skyldur rekstur, tjaldsvæði, hestaleigur, hundahótel svo fátt eitt sé nefnt. Var skipting eftirlits milli árstíða með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Mjög fáar húsnæðisskoðanir voru gerðar árið 2011 sem er í takt við fjölda húsnæðisskoðana árið 2010. Eftirlitið fjárfesti í rakamæli, til að mæla raka í veggjum, og hitastigsmæli með innbyggðum rakamæli til að mæla hita og raka innilofts.

Útleiga sumarhús

Það sem einkenndi árið 2011 var áhugi fólks á heimagistingu og á útleigu sumarhúsa sinna. Voru nokkur slík starfsleyfi afgreidd. Áður en embættið gat afgreitt starfsleyfi sumarhúsanna þurfti að bíða eftir lögfræðiáliti, byggingarfulltrúa hvort það kallaði á deiliskipulagsbreytingu þar sem sumarhúsin væru þá orðin atvinnuhúsnæði en ekki til einkanota. Samkvæmt lögfræðiálitinu kallaði þetta ekki á deiliskipulagsbreytingu þar sem að landsnotkunin væri í samræmi við landnotkun slíkra svæða. M.a. bent á bústaði í eigu félagssamtaka í því sambandi. Rökin voru m.a. að nágrannar sumarhúsa í útleigu ættu ekki að verða fyrir ónæði af starfseminni. Úr varð að starfsleyfin voru gefin út. Sumarhús í eigu verkalýðsfélaga eru hins vegar ekki starfsleyfisskyld þar sem litið hefur verið á að félagsmenn þeirra séu eigendur þeirra og séu því í eigin bústað þegar þeir dvelja í þeim.

Til eru margar heimasíður sem gefa fólki kost á að auglýsa sumarhús sín til útleigu. Mörg þessara húsa eru ekki með starfsleyfi. Erfitt er hinsvegar að ná í eigendur þessa húsa og segjast sumir vera hættir þegar næst í þá eða vera með húsin í langtímaleigu sem ekki er starfsleyfisskylt. Einnig eru upplýsingarnar á þessum síðum stundum úreldar og á sumum síðum eru gististaðir (gistiheimili, hótel) sem eru löngu hætt rekstri. Í sumum tilvikum er ferðaþjónusta milligönguliður leyfisskyldra sumarhúsaeigenda, en hafa lítinn áhuga á að gefa upp nöfn eiganda bústaðanna til að styggja þá ekki. Rétt er þó að nefna að alltaf fjölgar þeim sem hafa öll sín leyfi í lagi. Hér er á ferð verkefni sem mun að öllum líkindum leysast hægt í komandi framtíð.

Sundlaugareglugerðin

Þann 1. janúar 2011 tók í gildi reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, ekki var gefinn neinn aðlögunartími að reglugerðinni og tóku öll ákvæði hennar gildi strax. **Eru öll sveitarfélög og rekstaraðilar sundsstaða á Suðurlandi hvattir til að kynna sér reglugerðina.** Sumar breytingarnar eru í reglugerðinni eru ekki nýjar á nálinni og hafa verið í leiðbeiningaformi í möppunni „*Upplýsingar um öryggismál sundsstaða*“ sem samþykkt er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 8 – Dæmi um merkingar á sundsstað, merkin þýða auðkennismerki barnahópa og að botn hallar bratt eða jafn hallandi botn (þá er skiltið við miðja langhlið)

Helstu breytingar sem er að finna í reglugerðinni eru:

- Orðskýringar eru fleiri en áður hefur verið.
- Hækkun á aldursákvæðum.
- Allar laugar eiga að vera orðnar A-laugar fyrir 1. janúar 2013 en val er komið um opið eða lokað hreinsikerfi.
- Yfirfleytirennur á 2/3hlutum af ummáli lauga í flokki A.
- Strangari kröfur á öryggiskerfi s.s. myndavélar til að tryggja öryggi undir vatnsyfirborði.
- Mannheld girðing skal vera umhverfis laugarsvæðið.
- Viðbragðsáætlun.
- Aukin krafa um laugargæslu.
- Auðkennismarki fyrir barnahópa.
- Sundkennarar/-þjálfarar skulu ekki víkja frá laug fyrr en allir nemendur/iðkendur eru farnir inn í baðklefa
- Meiri síunarhraði og bakskolun

Eins komu út leiðbeiningar fyrir merkingar á sund- og baðstöðum sem finna má á http://ust.is/atvinnulif/hollustuhaettir/sundstadir/oryggismerkingar/

Í lok árs 2011 kom síðan út nýr listi yfir þann skyndihjálpabúnað sem á að vera til staðar á sund- og baðstöðum. Á honum er gerð krafa um neyðarstöð (allur skyndihjálpabúnaður á sama stað) og nokkrar nýjungar í kröfum til skyndihjálpabúnaðar. Embættið sendi listann til allra sund- og baðstaða á Suðurlandi.

Útileiksvæði

Úttektir og eftirlit á útileiksvæðum var mikið 2011, bæði á opnum svæðum og svæðum hjá grunn- og leikskólum. Á mörgum svæðum er endurnýjun tækja lítil sem engin eftir að kreppan skall á, jafnframt skortir á eftirlit með tækjunum einkum þeim sem að eru á opnum

svæðum. Í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim er kveðið á um það eftirlit sem á að fara fram á útileiksvæðum. Víða er pottur brotinn á því sviði. Rétt er að benda á það að biluð og ónýt leiktæki uppfylla ekki staðla, heldur ber að lagfæra þau strax eða fjarlægja. Sum gömul leiktæki er hægt að lagfæra þannig að þau uppfylli gildandi staðla. Á almennum leiksvæðum á að vera umsjónarmaður sem fer reglulega yfir leiksvæðin. Á leiðbeiningarblaði Umhverfisstofnunar „*Leiðbeiningar um sandkassa á leiksvæðum barna*“ stendur m.a. „ *Á opnum leiksvæðum skal ábyrgðamaður fylgjast með ástandi sandsins daglega/vikulega eftir því sem við á.*“ Geti sveitarfélög ekki orðið við þessu er rétt að fjarlægja leiktæki/sandkassa af leiksvæðum sínum.

Mynd 9 – Vel merkt útileiksvæði

Nokkur umræða hefur verið um heimagerð leiktæki en slík tæki eru bönnuð á almenningsleiksvæðum nema að framleiðandi tækisins geti sýnt fram á að tækin uppfylla gildandi staðla sem gerðir eru til leiktækja og undirlags þeirra (fallundirlag). Í því ferli þarf að skila inn teikningum, m.a. af burðarvirki leiktækisins til Neytendastofu sem að hefur eftirlit með því að leiktæki á markaði uppfylli þessar kröfur. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur enga vitneskju um að einhver heimagerð leiktæki uppfylli þessar kröfur eða hafi farið í þetta ferli. Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands festi kaup á stöðluðum mótum til að taka út útileiktæki sem nýst hafa embættinu. Flest mótanna eru höfuð- og fingramót, til að finna/meta hengingarhættu eða hvort hægt sé að festa sig í leiktækinu. Þessi tæki eru nauðsynleg til að geta metið öryggi á leiksvæðum.

Mynd 10 – Dæmi um ónýtt leiktæki. En ef fjarlægja þarf leiktæki skal fjarlægja það allt.

6. Matvæli

Undir matvælasvið falla fyrirtæki eins og vatnsveitur, mötuneyti, garðyrkjustöðvar með pökkun, matvöruverslanir, söluturnar og veitingastaðir. Þá eru merkingar matvæla stór hluti eftirlits.

Í dag eru 392 fyrirtæki á matvælasviði en í fyrra voru þau 389 og árið 2005 voru fyrirtækin 308.

Meginverkefnin er beint eftirlit með þessum fyrirtækjum ásamt sýnatöku á neysluvatni og matvælum ásamt fræðslu um hvaðeina sem snýr að hollustuháttum í starfsemi matvælafyrirtækja.

Samkvæmt matvælalöggjöfinni sem var innleidd í áföngum frá janúar 2010 til 1. nóvember 2011 er enn ríkari áhersla lögð á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja og skyldur þeirra til að innleiða innra eftirlit í sínu fyrirtæki.

Mynd 11 - Eldhús starfmannabúða í Dómadal vegna kvikmyndatöku

Framsal eftirlits milli eftirlitsaðila var leyft með breytingu á lögum nr. 93/1995 um matvæli árið 2010. Á þeim grunni var framselt eftirlit frá Matvælastofnum til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og er í gildi samningur milli þessara stofnana um eftirlit með 7 fyrirtækjum.

Innra eftirlit

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Einnig er lögð áhersla á að umfang sé í samræmi við stærð og eðli hverrar starfsemi fyrir sig. Leiðbeiningar voru gerðar í samstarfi heilbrigðiseftirlits og Matvælastofnunar til að létta mönnum vinnu við slíka innleiðingu og hafa verið birtar á heimasíðu Matvælastofnunar ásamt sýnishorni af innra eftirliti sem lítil matvælafyrirtæki geta hlaðið niður og aðlagað sinni starfsemi http://mast.is/matvaelastofnun/innra-eftirlit/. Flóknari fyrirtækjum er bent á að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum. Samtök í hinum ýmsu greinum hafa einnig verið hvött til að hafa forgöngu um að koma upp handbókum um innra eftirlit sem sé aðlagað atvinnugreinunum.

Eftirlitsverkefni

Eins og að framan greinir hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands jafnframt tekið þátt í eftirlitsverkefnum Matvælastofnunar.

Mynd 12 – Nýjungar í tómatarækt

ESA úttektir eru partur af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), en það er Eftirlitsstofnun EFTA sem tekur út starfsemi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á landsvísu og metur hvort matvælaeftirlit á Íslandi uppfylli kröfur EES. Þetta eru lærdómsríkar úttektir sem eru um 2-4 á ári, en tímafrekar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands lenti ekki í slíku úrtaki á árinu 2011, en hefur á undanförnum árum verið þátttakandi í fjölda slíkra úttekta.

Neysluvatnsmál

Neysluvatnsmál eru fyrirferðamikill málaflokkur og er fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi 137 á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og eru þá einkavatnsból vegna matvælaframleiðslu meðtalin. Hefur áhersla verið lögð á veitingu starfsleyfa fyrir vatnsveitur. Má í því sambandi nefna að öll sveitarfélög á Suðurlandi sem reka vatnsveitur á svæðinu eru nú með gild starfsleyfi, en nokkuð vantar enn upp á að virku innra eftirliti hafi verið komið á. Vinna er hafin hjá flestum þeirra og þá í góðri samvinnu við Samorku, samtökum veitustofnana. Gæði neysluvatns er sá málaflokkur sem Heilbrigðiseftirlitið hefur lagt mikla áherslu á enda forsenda búsetu, atvinnulífs og hollustuhátta. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur, með erindum, bent sveitarfélögum á skyldur sínar varðandi neysluvatnið og vill ítreka nauðsyn þess að tryggja notendum heilnæmt neysluvatn og uppfylla kröfur í reglugerðum sem nær til málaflokksins.

Mynd 13 – Rangárbotnar

7. Umhverfis- og mengunarvarnir

Undir umhverfis- og mengunarvarnir fellur eftirlit og starfsleyfagerð vegna starfsemi fyrirtækja t.d. verkstæði, bensín- og olíuafgreiðslustöðvar, gámastöðvar, margvíslegir framleiðslustaðir, fiskvinnslur, sláturhús, hreinsistöðvar fráveitumannvirkja, vatnsafls- og varmavirkjanir o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda. Eftirlitsskyldir aðilar á umhverfis- og mengunarvarnasviði voru 294 árið 2011.

Mynd 14 – Hreinsun á gufuaflsholu.

Helstu laga- og reglugerðaþættir, sem þessu starfi fylgja eru lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr.7/1998, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, svo eitthvað sé nefnt.

Virkjanir og framkvæmdir á hálendinu

Á svæði HES eru nokkrar af stærstu virkjunum landsins og tekur eftirlit með þeim drjúgan skerf af eftirliti þessa sviðs. Jarðvarmavirkjanir eru m.a. á Hellisheiði og Nesjavöllum en vatnsaflsvirkjanirnar eru stærstar á Þjórsársvæðinu og heyra undir Búrfellsstöðvar landsvirkjunar. Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun eru í fullum gangi og þar er líklega einn af stærstu vinnustöðvum sem heilbrigðiseftirlit á Íslandi hefur eftirlit með.

Loftgæðamælingar

Mikil vinna hefur farið í að vakta, mælingar á H_2S í Hveragerði, Norðlingaholti og Hellisheiði. því miður hefur einnig farið þó nokkur tími í að lagfæra tæki, sem virðast vera mjög viðkvæm fyrir bilunum, sérstaklega flökti á rafmagni.

Á neðangreindri töflu má sjá ársmeðaltal yfirfarinna mælinga á H_2S fyrir árið 2011 ásamt samanburði við mælistöð í Hvaleyrarholti og Grensásvegi.

Tafla 12 – Ársmeðaltal brennisteinsvetnis á mismunandi stöðum

Díoxín

Á árinu 2011 var mikil umræða um díoxínlosun frá sorpbrennslustöðvum. Við mælingar Umhverfisstofnunar kom í ljós að díoxínmang í útblæstri eldri sorpbrennslustöðva var yfir viðmiðunargildum en undanþáguákvæði fyrir eldri sorpbrennslustöðvar hafði verið fellt úr gildi. Í kjölfarið gerði Umhverfisstofnun kröfur á brennslurnar að lækka magn díoxíns í útblæstri og frávatni.

Á svæði HES var um að ræða sorpbrennslurnar á Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum. Fyrirhugað er nú að loka báðum þessum brennslum þar sem þær ná hvorugar þeim viðmiðunargildum sem þeim er ætlað.

Mynd 15 – Léleg flokkun á sorpi, brotajárn í brennsluofni

Fráveitur

Á árinu voru sveitarfélög minnt á skyldur sínar í fráveitumálum. Því miður gengur alltof hægt að mjaka þessum málaflokki áfram og beinir HES því til sveitarfélaganna að leggja áherslu á að koma fráveitumálum í viðundandi horf. Séu fráveitumál í lagi mun það veita íbúum sveitarfélaganna og gestum þeirra betra umhverfi og lífsgæði, bæði með tilliti til mengunarvarna, hollustuhátta auk útivistar og atvinnu.

Á haustdögum 2011 var mengunarslys í Ytri Rangá þegar unnið var við að hreinsa fitugildru með þeim afleiðingum að sláturúrgangur fór með frárennslinu í ánna. Verklagsreglur í tengslum við losun fitugildrunnar voru bættar í framhaldinu og sveitarfélagið vann að frekar úrbótum.

Mynd 16 – Mengun í Ytri Rangá

Sorpmál sumarhúsahverfa

Árið 2010 kærði Landsamband sumarhúsaeiganda staðsetningu sorphirðuíláta í sumarhúsahverfi í Bláskógabyggð til ráðuneytis, þar sem það taldi að þau brytu í bága við gildandi reglugerðir. Málsdrög voru þau að Bláskógabyggð hætti með gámasvæði/móttökustöð í grennd við sumarhúsahverfi og vísaði fólki í sumarhúsunum á annað nærliggjandi gámasvæði í eigu sveitarfélagsins. Féll úrskurður Landssambandinu í vil. Árið 2011 kærð Landssamband sumarhúsaeigenda aftur til ráðherra og þá nú HES og sveitarfélagið vegna drátta á úrbótum. Þeirri kæru var vísað frá en Umhverfisstofnun falið að leiðbeina HES og Bláskógabyggð um úrbætur. HES telur að ekki þurfi að leiðbeina um úrbætur þegar ekki hafa verið gerðar athugasemdir við málið enda telur embættið að sveitarfélagið fari að reglum hvað varðar sorphirðu og rekstur gámastöðva.

8. Fjármál og rekstur

Í ársreikningi fyrir árið 2011 kemur fram að rekstarhagnaður HES er rúmlega hálfri milljón krónum meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Skýrist það fyrst og fremst á hærri tekjum vegna fjölgunar eftirlitsskyldra aðila.

Hlutfallslegt framlag sveitarfélaga í rekstri HES er 25% en það er með því lægsta sem verið hefur. Framlag sveitarfélaga á árinu 2010 var t.d. 36% og árið 2002 var hlutfallið 47%. Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfisráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög bæru allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum.

Á neðangreindri töflu má sjá þróun á hlutfalli eftirlitsgjalda og framlaga sveitarfélaganna á tíu ára tímabili. Tölur fyrir árið 2012 eru þó teknar úr fjárhagsáætlun. Punktar á línuritum vísa til þess að hækkun hefur verið gerð á annars vegar gjaldskrá og hins vegar framlagi sveitarfélaga. Gjaldskrá hefur verið hækkuð sjö sinnum en framlög sveitarfélagana hafa hækkað þrisvar á tímabilinu.

Tafla 13- Velta milli ára

Stærstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eru launakostnaður upp á tæplega 70%, húsnæðiskostnaður 11%, rekstur bifreiða hefur lækkað frá árinu 2010 (bílar í eigu HES) úr 5% í 3%, annar kostnaður er 7% og aðrir liðir minni.

Á kökuritinu hér að neðan má sjá frekari skiptinu kostnaðarliða.

Tafla 14- Kökurit með kostnaðarliðum

Frekari upplýsingar um fjármál og rekstur er að finna í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og aðalfundargögnum.

9. Lokaorð

Það er von okkar að þessi ársskýrsla gefi góða innsýn í verkefnin og umfang þeirra. Árið 2011 var að mörgu leyti annasamt enda fór það svo að náttúruöflin létu okkur enn og aftur finna fyrir mætti sínum. Áhrif eldgosins í Grímsvötnum voru þó lítil í samanburði við eldgosið í Eyjafjallajökli árið áður. Segja má að starfsmenn HES hafi tekið Grímsvatnagosinu með stóískri ró og gengið í þau verk sem þurfti, með reynslu Eyjafjallajökulsgossins á herðunum.

Líklega telst það jákvætt fyrir heilbrigðiseftirlit og eftirlitsþega ef lítið fer fyrir verkum eftirlitsins. Ekki svo að skilja að verkin séu ekki unnin heldur þvert á móti, að þau séu unnin í góðri samvinnu allra og árekstralítið. Samvinna milli eftirlits og fyrirtækja um ýmiskonar úrbætur fer ekki hátt, það eru hin málin sem þykja fréttnæm. Hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur árið verið tíðindalítið í augum fjölmiðla. Þannig viljum við starfa.

Um leið og starfsmenn Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þakka fyrir gott samstarf á árinu 2011 er bent á heimasíðu HES www.heilbrigdiseftirlitid.is til frekari fróðleiks og upplýsinga.